

**HEILBRIGÐISNEFND**  
**HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS**  
**184. fundur – 21. október 2013**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 21. október 2013. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17.00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 183. fundar heilbrigðisnefndar frá 30. september 2013 lögð fram.

**1 Fundargerð 162. starfsmannafundar frá 16. október 2013**

*1.1 Starfsleyfi*

**Garðabær**

*1.1.1 Garðatorg 1, Garðabær – samkomuhús*

Lögð fram umsókn Hörpu Þórsdóttur, f.h. Hönnunarsafns Íslands, kt. 650399-2189 dags. 2.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs menningarstofnunar að Garðatorgi 1, Garðabæ. Húshluti: vesturendi. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

*1.1.2 Hafnarfjarðarvegur 1, Garðabær - bensínstöð og verslun*

Lögð fram að nýju umsókn Arnars Franssonar f.h. Ólíuverslunar Íslands kt. 500269-3249, dags. 11.07.2013, þar sem sótt er um leyfi til að reksturs bensínstöðvar og verslunar að Hafnarfjarðarvegi 1 í Garðabæ. Húshluti: Öll mannvirki á lóð. Endurnýjun Afgreiðslu frestað þar sem samþykktar teikningar hafa ekki borist.

*1.1.3 Iðnbúð 1, Garðabær – meðferðastofa*

Lögð fram umsókn Svandísar Birkisdóttur f.h. Orkusetursins ehf., kt. 430713-0190 dags. 16.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs meðferðastofu fyrir nudd og einnig ætluð dýrum að Iðnbúð 1, Garðabæ. Húshluti: 01 0102. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**Hafnarfjörður**

*1.1.4 Efstahlíð 15, Hafnarfirði - innflutningsverslun*

Lögð fram umsókn Rakelar Guðmundsdóttur, f.h. Rakelar Guðmundsdóttur ehf., kt. 450301-3530, dags. 16.10.2013, þar sem sótt er um leyfi vegna innflutnings matvæla, með lögheimili að Efstuhlíð 15, Hafnarfirði. Dreifing á vörum verður frá vöruhóтели. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeeglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

*1.1.5 Erluás 1, Hafnarfjörður – veitingaverslun*

Lögð fram umsókn Steinþórs Árnasonar f.h. Grappa ehf., kt. 710113-2110, dags. 7.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar (panna, djúpsteiking og bakaraofn) að Erluási 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaeeglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

*1.1.6 Helluhraun 8, Hafnarfjörður, réttinga- og sprautuverkstæði*

Lögð fram umsókn Sveinbjörns Guðmundssonar, f.h. Bílmálning ehf., kt. 481105-0990, dags. 10.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttinga og sprautuverkstæðis að Helluhraun 8, Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.7 Hrauntunga 5, Hafnarfjörður – frístundaheimili

Lögð fram umsókn Andra Ómarssonar f.h Hafnarfjarðarbæjar., kt. 590169-7579, dags. 26.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs frístundarheimilis að Hrauntungu 5, Hafnarfirði. Húshluti: jarðhæð. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.8 Norðurhella 10, Hafnarfjörður - hreinlætisvöruverksmiðja

Lögð fram umsókn Richard Kristinssonar f.h. MF Mjallar - Friggjar hf., kt. 430610-0580 dags. 15.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu hreinlætisvara að Norðurhelli 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að auglýsinga tillögu að starfsleyfi.

1.1.9 Vesturgata 6-8, Hafnarfjörður – samkomuhús

Lögð fram umsókn Björns Pétursson f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7578 dags. 18.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs menningarstofnana byggðasafns Hafnarfjarðar að Vesturgötu 6 -8, Kirkjuvegi 11 og Vesturgötu 32, Hafnarfirði. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

**Kópavogur**

1.1.10 Bæjarlind 12, Kópavogur, verkstæði

Lögð fram umsókn Örlygs Kvaran fh. Lilliendahl & Kvaran ehf. kt. 410313-2350, dags. 7.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Bæjarlind 12, Kópavogi. Húshluti: 01 0202. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.11 Hamraborg 4, Kópavogur - samkomuhús

Lögð fram umsókn Guðbjargar Kristjánsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar vegna reksturs Listasafns Kópavogs - Gerðasafns., kt. 700169-3759, dags. 15.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs menningarstofnunar að Hamraborg 4, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Endurútgáfa. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 16.10.2013. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 23.09.2019

1.1.12 Kópavogsbraut 17, Kópavogur - fangelsi

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Gíslasonar f.h. Skrifstofu fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, kt. 440189-2029, dags. 2.09.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fangelsis að Kópavogsbraut 17, Kópavogi. Húshluti: allt húsið. Endurnýjun. Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 17. október 2013 þar sem fallist er á að veita undanþágu frá ákvæðum 1. ml. 53. gr. reglugerðar nr. 941/2001 um hollustuhætti fyrir fangelsið að Kópavogsbraut 17 í Kópavogi til loka árs 2015. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 31. desember 2015.

1.1.13 Nýbýlavegur 18, Kópavogur – ísbúð

Lögð fram umsókn Einars Ásgeirssonar f.h. N18 ehf., kt. 521010-1180, dags. 1.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ísbúðar að Nýbýlavegi 18, Kópavogi. Húshluti 01.0102 Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.14 Skemmuvegur 32, Kópavogur - smurstöð

Lögð fram umsókn Gunnars Haraldssonar f.h. Metverk ehf., kt. 420513-1940 dags. 4.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smurstöðvar að Skemmuvegi 32, Kópavogi. Húshluti: neðri hæð. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.15 Smiðjuvegur 40, Kópavogur - átöppun og pökkun hreinlætisvara

Lögð fram umsókn Benjamíns Friðrikssonar f.h. Heildverslun B.B. ehf., kt. 501188-1079 dags. 8.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til sölu og dreifingar á hreinlætisvörum að Smiðjuvegi 40, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.2 Umsagnir

**Garðabær**

1.2.1 Hörgatún 2, Garðabæ, samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 7.10.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Veritas Capital hf, Hörgatúni 2, Garðabæ, kt. 530602-3380, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal í flokki II að Hörgatúni 2 að Hörgatúni 2, Garðabæ.

Mælt er með eftirfarandi bókun:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 30.11.2009 starfsleyfi til reksturs samkomusalar skv. matvæla- og hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með jákvæðri umsögn fyrir samkomusal.”

1.2.2 Skólabraut 6, Garðabæ – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 3.10.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Handknattleiksdeildar Stjórnunnar kt. 460180-0159, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir herrakvöld sem haldin verður í Fjölbrautaskóla Garðabæjar, þann 18.10.2013 frá kl. 18.00 – 24.00, fyrir allt að 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

**Kópavogur**

1.2.3 Hlíðasmári 15, veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 15.10.2013, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nammi 23 ehf, Diner, kt. 640610-0690, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki I að Hlíðasmára 1, Kópavogi

Mælt er frestun þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

1.3 Tóbaksleyfi

1.3.1 Erluás 1, Hafnarfirði – verslun

Lögð fram umsókn Grappa ehf kt. 710113-2110, dags. 15.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í versluninni Total að Erluási 1, Hafnarfirði.

Fyrir liggja minnispunktar dags. 7.10.2013.

Leyfisveiting samþykkt.

1.3.2 Hagasmári 1, Kópavogi – verslun

Lögð fram umsókn Hagkaupa, kt. 430698-3549, dags. 9.10.2013, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun Hagkaupa Smáralind að Hagasmára 1, Kópavogi.

Fyrir liggja minnispunktar dags. 7.10.2013.

Leyfisveiting staðfest.

## 2 Húsnæðismál heilbrigðiseftirlits

Farið yfir húsnæðis þörf heilbrigðiseftirlitsins. Leigutíma húsaleigusamnings sem upphaflega var gerður við Álfarós ehf. þann 26. nóvember 1998 lýkur þann 1. mar 2014. Til skoðunar er húsnæði á jarðhæð Garðatorgs 7 sem hentað getur starfseminni. Tilboð um leiguverð hefur ekki borist en verið er að skoða umfang nauðsynlegra breytinga.

## 3 Verklagsreglur

Farið yfir verklagsreglur varðandi að eftirlitsferðir í fyrirtæki og við móttöku og afgreiðslu umsagna þegar beiðni berst vegna gistileyfa, samkomuleyfa, veitingaleyfa eða annarra tilsvarendi leyfa.

## 4 Vatnsverndarsvæði

### 4.1 Lagning háspennulínulagnar um brunnsvæði

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 7. október 2013, til Landsnets hf. vegna umsóknar fyrirtækisins um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna framkvæmda innan framtíðarbrunnsvæðis við Mygludali.

Í erindinu kemur fram að ráðuneytið hafnar beiðni um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns vegna framtíðarbrunnsvæðis við Mygludali.

### 4.2 Heildarendurskoðun vatnsverndar

Rædd staða mála varðandi heildarendurskoðun vatnsverndar og samráð um endurskoðun heilbrigðissamþykktar.

## 5 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 1. október 2013.

## 6 Breyting á reglugerð um urðun úrgangs

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 8. október 2013 þar sem óskað er athugasemda og ábendinga vegna tillögu að breytingum á reglugerð um urðun úrgangs. Tillaga er gerð um breytingar á 7. gr. reglugerðarinnar til einföldunar á regluverki varðandi urðun á dýrúrgangi sem smitaður er salmonellu.

Heilbrigðisnefnd lýsir stuðningi við tillöguna.

## 7 Önnur mál

### 7.1 Bæjarráð Hafnarfjarðar, þungmálmar og brennisteinn í mosa í Hafnarfirði

Lögð fram fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 18. október 2013 þar sem rædd var skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands um „Þungmálma og brennistein í mosa á Íslandi 1990-2010: Áhrif iðjuvera“.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins og formaður nefndarinnar mættu á fundinn og fóru yfir málið og umræðu um umhverfissvöktun á fundi heilbrigðisnefndar þann 30. september 2013.

<http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1310015F>

### 7.2 Ósk um frekari rökstuðning

Lögð fram erindi Konráðs Adolphssonar, dags. 18. október 2013 og 15. október 2013 þar sem óskað er frekari rökstuðnings vegna erindis síns frá 19. september 2013.

Á fundi heilbrigðisnefnd þann 4. febrúar 2013 var lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogsbæjar, dags. 2. janúar 2013 þar sem óskað er umsagnar um erindi Miklabæjar ehf. er óskar eftir að skipulagi Oddfellowsblettar við Hólmsárbrú verði breytt fyrir tvær vöruskemmur. Eftirfarandi umsögn er gerð:

„Umrætt land er við Hólmsá þar sem lítila mengunaráhrifa gætir og ber við ákvarðanatöku að gæta að kröfum í lögum um stjórn vatnamála, nr. 23/2011 með síðri breytingum. Í þeim lögum er kveðið á um að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Landið er jafnframt á fjarsvæði B samkvæmt svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Þar sem um stóra framkvæmd er að ræða með tveimur vöruskemmum fyrir óskilgreinda starfsemi á 4,592 ha. landi, þarf að skoða hönnun sérstaklega út frá lausnum við vatnstöku og fráveitu. Lausnum sem eru í takt við staðsetningu. Tvær minni háttar rotþrær eru ekki lausn við þessar aðstæður.“

Lögð fram erindi Konráðs Adolphssonar dags. 18. og 19. september 2013.

Lagt fram afrit af svari heilbrigðiseftirlitsins til Konráðs Adolphssonar dags. 7. október 2013.

*7.3 Beiðni um upplýsingar vegna eftirlits hjá Kosti lágvöruverslun ehf.*

Lagt fram erindi Málflutningsstofu Reykjavíkur dags. 1. október 2013 þar sem óskað er upplýsinga með vísun til upplýsingalaga og stjórnsýslulaga um tilefni þess að eftirlit á vegum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fór fram á árunum 2010 – 2013 í verslun Kosti lágvöruverslunar ehf.

Verið er að taka saman umbeðin gögn en fjöldi þeirra er mikill, því hefur dregist að ljúka málinu.

*7.4 Umhverfisþing 2013*

Lagt fram erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 14. október 2013 þar sem boðið er til VIII. Umhverfisþings, föstudaginn 8. nóvember 2013 í Hörpu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:45

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Gísli Ó. Valdimarsson